

Ed.

794. Framhaldsnefndarálit

um frv. til laga um slysatrygging sjómanna.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Hv. Nd. hefir fallist á frv. þetta, eins og það kom frá þessari deild, að öðru leyti en því, að þar hefir verið bætt inn í frv. nýrri grein, þess efnis, að skylt sje að tryggja sjómann, sem gengur í skiprúm annars í fjarveru hans eða forföllum, þótt skemmri tíma sje en eina vertíð. Þessi nýja grein verður 4. gr., og breytist greinatalan að sjálfsgöðu samkvæmt því. Jafnvel þótt þessi nýja grein sje ekki í fullu samræmi við 1. gr. frumv., þar sem ætlast er til, að tryggingarskyldan, að því er snertir vjelabáta og stærri róðrabáta, nái ekki til annara en þeirra manna, er fiskveiðar stunda eina vertíð á ári eða lengur, þá vill nefndin þó ekki vekja deilu um þetta atriði, og ef til vill með því stofna málinu í hættu, og ræður því hv. deild til að samþykkja frv., eins og það nú liggur fyrir.

Í 1. og 2. grein frv. er vitnað í 5. og 8. grein, en þessar tilvitnanir eiga nú, vegna breytinganna á greinatölunni, við 6. og 9. grein, og í 2. málsgrein 4. greinar stendur »skrásetningarstjórn«, en á að vera skrásetningarstjóra. Nefndin vill komast hjá að gera breytingartillögur til lagfæringar á þessu, til þess að tefja ekki fyrir málinu, en treystir því, að þetta verði leiðrjett, þegar frv. verður samþykkt og prentað sem lög.

Alþingi, 3. september 1917.

Karl Einarsson,
formaður.

M. J. Kristjánsson,
skrifari og framsm.

Kristinn Danielsson.